

Mat á

Starfsáætlun



leikskólans Birkilundar

veturinn 2016-2017

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar - kafli 2.....	2
Skólahúsnæði - kafli 3.	2
Stærð og einkenni - kafli 3.1.....	2
Leikskólalóð - kafli 3.2.....	2
Nauðsynlegt viðhald og endurbætur - kafli 3.4.	2
Fæðismál - kafli 4.	3
Starfsrammi - kafli 5.....	3
Barnafjöldi og lengd dvalartíma - kafli 5.1.....	4
Aðlögun og flutningur milli deilda - kafli 5.2.....	4
Starfsmannahald - kafli 6.....	4
Starfspróunarsamtöl - kafli 6.3.	5
Símenntunaráætlun - kafli 6.4.	5
Skólastarfið 2016-2017 - kafli 8.....	5
Starfið á Reynilandi - kafli 8.1.....	5
Starfið á Kvistalandi og Könglalandi - kafli 8.2.....	5
Foreldrasamstarf - kafli 11.....	5
Foreldrafélag - kafli 11.1.	5
Foreldraráð - kafli 11.2.	5
Innra mat - kafli 13.	6

Hagnýtar upplýsingar - kafli 2.

Netfang á Reynilandi: reyniland@skolar.skagafjordur.is

Skólahúsnæði - kafli 3.

Furulundur 5 var nýttur fyrir hópastarfi 3 morgna í viku, í klukkutíma í senn, fram eftir vetri en aðeins af og til seinni hluta vetrar. Hann var einnig nýttur fyrir foreldraviðtöl og tvo leikskólástjórafundi.

Stærð og einkenni - kafli 3.1.

Ekkert hefur verið gert til að bæta starfsmannaaðstöðu í Birkilundi. Óvissuástand kom upp í mötuneytismálum í vor þegar kom í ljós að K.S. Varmahlíð gat ekki eldað fyrir leikskólann. Var ýmsum hugmyndum velt upp, en niðurstaðan varð sú að eldað var í Birkilundi í nokkra daga þar til starfsmaður fékkst til að elda fyrir leikskólann í eldhúsi Varmahlíðarskóla.

Við Reyniland er oft mikil umferð og áningarstaður ferðafólks. Einu sinni í sumar þurftum við að hreinsa mannasaur upp úr garðinum.

Leikskólalóð - kafli 3.2.

Við Reyniland eru stórar aspir ofan við garðinn, sem gera það af verkum að yfir sumartímam skín sólin nánast ekkert í garðinn eftir hádegið. Þar vantar líka skjól fyrir norðanáttinni því þó girðingin kring um garðinn sé ágætlega þétt þá skýlir hún ekki fyrir vindinum nema alveg næst sér. Það er því oft mun svalara í garðinum við Reyniland heldur en í garðinum við Birkilund.

Nauðsynlegt viðhald og endurbætur - kafli 3.4.

Lítið hefur þokast í þá átt að bæta aðstöðu starfsmanna í Birkilundi. Ákveðið var að setja upp handlaugar fyrir starfsmenn á salernum barna, til þess að starfsfólk þyrfti ekki að þvo sér hálfbogið í vöskum sem ætlaðir voru fyrir börnin. Það hafði þó ekki komist til framkvæmda þegar komið var til starfa eftir sumarlokun. Engar aðrar framkvæmdir hafa verið áætlaðar til þess að bæta starfsmannaaðstöðuna sem Vinnueftirlitið gerði athugasemdir við í desember 2013.

Það er mikilvægt að tekin verði ákvörðun um varanlegar úrbætur í húsnæðismálum leikskólans hið fyrsta því því langvarandi aðstöðuleysi setur mark sitt á starfsanda og eykur hættu á fjarvistum starfsfólks af ýmsum ástæðum.

Búið er að snúa við grindum í girðingu, listi sem settur var við ofn á Reynilandi virkar vel, búið er að loka niðurfalli við þakrennu á Reynilandi, sett voru upp skilti bæði við Birkilund og Reyniland með áletruninni: Leikskóli, vinsamlegast drepjið á bílnum Hitalögin lagaðist eftir að bætt var á hana vökva en það entist stutt þar sem vökvinn virðist leka fljótt út af kerfinu og því þarf að bæta oft á til þess að hún virki. Borið var á timburklæðningu á Birkilundi og girðingu, tröppur og pall við Reyniland. Borið var á leitæki í garði við Birkilund. Það var sett plexigler í handrið við inngang á Reynilandi.

Fæðismál - kafli 4.

Í vetur þurfti starfsfólk Birkilundar að sækja matinn og skila ílátum aftur í K.S. Varmahlíð þá daga sem leikskólinn fékk mat þaðan. Það var frekar erfitt að koma því við, aðgengi við K.S. er oft erfitt og ílát þung og ómeðfærileg. Í byrjun maí voru fæðismál í uppnámi þegar ljóst var að ekki væri hægt að fá mat frá K.S. Varmahlíð í sumar eftir að mötuneyti Varmahlíðarskóla færi í frí. Ýmsar hugmyndir voru skoðaðar en ekki tókst að finna lausn á málinu fyrr en í byrjun júní. Var því eldað í Birkilundi við mjög erfiðar aðstæður í nokkra daga. Þurfti að íhuga matseðilinn vandlega til þess að hægt væri að koma öllu fyrir í pottum og ofni. Það var því þungu fargi af okkur létt þegar fékkst starfsmaður sem eldaði fyrir leikskólann í eldhúsi Varmahlíðarskóla. Matráður Birkilundar aðstoðaði við að flytja matinn á milli en gat annars sinnt sínum störfum í Birkilundi. Þetta gekk ágætlega eftir að þetta form komst á, en þessu fylgdi auðvitað auka kostnaður.

Starfsrammi - kafli 5

Vinnuáætlun bæði starfsfólks og barna bötunni til muna við það að börnum á Könglalandi var fækkað niður í það sem rúmast á deildinni. Furuland hefur verið notað fyrir hópastarf af og til en í raun ekki þörf á því lengur. Meiri samgangur hefur verið á milli Könglalands og Kvistalands en áður og hefur það komið mjög vel út.

Tveir drengir hættu í leikskólanum í desember, annar var á Könglalandi og hinn á Reynilandi. Í janúar og febrúar fluttust 2 drengir af Reynilandi á Kvistaland og tvær stúlkur af Kvistalandi á Könglaland. Í janúar kom stúlka inn á Reyniland, drengur í febrúar og önnur stúlka í mars. Þá var búið að fylla í öll pláss.

Í töflunni um fjölda barna og dvalartíma reiknast viðveran sem meðaltals tímafjöldi á dag miðað við 5 daga vikunnar.

Barnafjöldi og lengd dvalartíma - kafli 5.1.

Fjöldi barna og dvalartími 15.3.2017						viðvera í klst.					
fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móðurmál	9	8	7	6	5	Timar alls
2011	6	1	5				3	1	2		43
2012	10	1	9			1	3	3	3		72
2013	5	1	4		1		2	1	2		35
2014	8	6	2				4	2	1	1	57
2015	8	5	4		1	2	2	2	3		66
2016	1	1					1				8
alls	39	15	24	0	2	3	15	9	11	1	281

Öll börn sem hafa óskað eftir plássi á skólaárinu hafa fengið pláss.

Aðlögun og flutningur milli deilda - kafli 5.2.

Það olli nokkurri röskun á skólastarfinu eftir áramót að þurfa að flytja börn á milli deilda til þess að geta tekið inn ný börn. Hafði það t.d. áhrif á hópastarf og framkvæmd á því þar sem fjöldi í hópum varð óhagstæður. Þær óvenjulegu aðstæður komu upp í júní að börnunum fækkaði ekkert og því var ekki hægt að hefja flutning milli deilda fyrr en eftir sumarlokunina. Það leiddi til þess að ekki var hægt að taka inn ný börn á Reyniland fyrr en í lok ágúst.

Starfsmannahald - kafli 6.

Starfsmaður í 100% starfi, sem ráðinn var inn í haust, sagði starfi sínu lausu í mars og óskaði eftir að fá að hætta sem fyrst, þar sem henni hafði boðist starf í sinni faggrein, sem var iðjubjálfun. Var í hennar stað ráðinn inn tímabundið ófaglærður starfsmaður. Annar starfsmaður í 100% starfi sagði upp og lausráðinn starfsmaður í 55% starfi sótti ekki um endurráðningu. Þar sem nýting á Reynilandi varð meiri en gert hafði verið ráð fyrir, þ.e. það voru fleiri börn á föstudögum en gert var ráð fyrir í upphafi skólaársins, þá var mönnun á föstudögum mjög tæp. Á sama tíma var starfsmaður í veikindaleyfi á Kvistalandi svo Leikskólastjóri var nánast alveg í afleysingum inni á deildum í maí og var þó ekki hægt að koma til móts við undirbúningstíma eins og þörf var á. Þar sem fyrirséð var að nýting á Reynilandi yrði enn meiri en hafði verið, þar sem nánast öll börn vildu vistun frá 8:00-16:00 alla daga, þá var óskað eftir auknu stöðugildi fyrir Reyniland. Fékkst heimild fyrir

Því að auka stöðugildi þar úr 3,55 í 4. Það voru því auglýstar 3 100% stöður leikskólakennara í vor. Fjórar umsóknir báust en engin þeirra frá leikskólakennara. Var því ráðið ófaglært starfsfólk í þessar stöður. Í kjölfarið á því sagði matráður sínu starfi lausu þar sem henni bauðst starf sem losnaði við þessar ráðningar. Tvær umsóknir bárust í 60% stöðu matráðar. Svo óheppilega vildi til að sú sem var ráðin fótbrotnaði í sumar og getur því ekki komið til starfa fyrr en í október í fyrsta lagi. Hinum umsækjandanum var boðið starfið tímabundið, en hann þáði það ekki. Það tókst þó að finna starfsmann til að sinna matráðastarfinu þennan tíma.

Starfspróunarsamtöl - kafli 6.3.

Starfspróunarsamtal við nýjan starfsmann fór fram í nóvember en önnur starfspróunarsamtöl fóru fram í febrúar og mars.

Símenntunaráætlun - kafli 6.4.

Símenntunaráætlun gekk eftir og tókst að koma að fræðslu um barnaverndarmál, sem hafði ekki komist á veturinn áður eins og áætlun sagði til. Einnig komst til framkvæmda að hafa brunæfingu, en það hafði heldur ekki komist til framkvæmda veturinn áður.

Skólastarfið 2016-2017 - kafli 8.

Starfsmenn ákváðu að vinna af sér starfsdag á föstudegi eftir sumardaginn fyrsta. Var það gert með því að lengja nokkra starfsmannafundi um klukkutíma og bæta við fundi einn þriðjudag. Það var þó fulllangt að hafa þriggja tíma fund að loknum vinnudegi. Auk þess kom upp að einn starfsmaður hafði lofað sé í aðra vinnu á sama tíma og starfsmannafundirnir voru haldnir og mætti því ekki á alla fundina. Skapaði það óánægju meðal annarra starfsmanna og umræðu um hvort starfsmenn gætu valið um það hvort þeir mættu á fundi eða ekki. Á starfamannafundi í apríl samþykktu allir starfsmenn að hafa fundaskipulagið eins og það hafði verið, þ.e. 2 klst. fundi eftir lokun átta sinnum yfir veturinn og fá frí á mótí, klukkutíma á mótí klukkutíma.

Starfið gekk samkvæmt áætlun. Reykjarhólsdeginum var þó frestað fram í júní vegna óhagstæðs veðurs í lok maí.

Starfið á Reynilandi - kafli 8.1.

Í desember hætti einn drengur á Reynilandi. Í janúar og febrúar voru 2 drengir fluttir af Reynilandi á Kvistaland. Í janúar var ein stúlka tekin inn, drengur í febrúar og stúlka í mars. Þá voru á Reynilandi 7 drengir og 4 stúlkur; 1 barn fætt árið 2014, 9 börn fædd árið 2015 og 1 barn fætt 2016. Einnig jókst nýting á föstudögum. Gert hafði verið ráð fyrir að það yrðu 8 börn á föstudögum, en þeim fjölgaði fljótlega í 9 og svo í 10. Í maí voru öll börnin 11 á föstudögum.

Aðlögunartímabil settu því mark sitt á fyrstu mánuði ársins og þetta hafði áhrif á niðurröðun í hópa. Áfram fóru 2-3 börn í íþróttahús, en ekki alltaf þau sömu. Í síðustu íþróttahúsferðina fóru öll börnin af deildinni.

Starfið á Kvistalandi og Könglalandi - kafli 8.2.

Í desember hætti einn drengur á Könglalandi. Tvær stúlkur fluttu af Kvistalandi á Könglaland í febrúar. Tveir drengir fluttu af Reynilandi á Kvistaland í janúar og febrúar. Þá voru á Könglalandi 16 börn, 2 drengir og 14 stúlkur; 6 börn fædd 2011 og 10 börn 2012. Á Kvistalandi voru þá 12 börn, 5 drengir og 7 stúlkur; 5 fædd 2013 og 7 fædd 2014.

Þessar tilfærslur á börnum höfðu áhrif á hópastærðir á Kvistalandi og var unnið mikið saman með hópana eftir það. Á miðjum vetri var hætt að láta hópana færast á milli svæða, nema þá innan sinnar deildar. Þar sem sameiginlegt val kom mjög vel út var ákveðið að það væri nægilegt fyrir börnin til þess að kynnast öllu húsnæðinu. Lítið varð úr ferðum í skógarlundinn. Það virðist vera að til þess að skógurinn verði reglulegur hluti af starfinu þá verður að festa ferðir þangað inn í skipulag á deildum.

Foreldrasamstarf - kafli 11.

Foreldrafélag - kafli 11.1.

Anna Lilja Guðmundsdóttir, Gunnhildur Gísladóttir og Sigurlína Einarsdóttir komu inni stjórn foreldrafélagsins í stað Ragnhildar, Höllu og Eypórs. Guðrún Ólafsdóttir var formaður, Sigurlína gjaldkeri og Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir ritari.

Foreldraráð - kafli 11.2.

Fulltrúar í foreldraráði voru Kristín Halla Bergsdóttir, María Einarsdóttir og Sigríður Fjóra Viktorsdóttir.

Innra mat - kafli 13.

Leikskólinn skráði sig í Skólapúsinn og nýtti sér hann til þess að leggja fyrir foreldrakönnun í mars. Starfsmannakönnun verður gerð á næsta ári, en frestur til skráningar í hana var útrunninn þegar búið var að skrá leikskólann í Skólapúlsinn.